

Alþingi
Erindi nr. P 139/1483
komudagur 25. 2. 2011

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t. Seímu Haflidóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 24. febrúar 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum (176. mál).
Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér tilkomu nýs félagaforms, gagnsæ hlutafélög.

Viðskiptaráð tekur undir það sjónarmið frumvarpsins að aukið gagnsæi í viðskiptalífinu sé af hinu góða. Flókið eignarhald getur, líkt og kemur fram í greinargerð frumvarpsins, gert eftirlit torsótt, skekkt samkeppni og auðveldað skattaundanskot. Í slíku umhverfi er dregið úr trúverðugleika viðskiptalífsins og þar með trausti til þess, sem er einn grundvallarþáttur í rekstrarumhverfi hvers fyrirtækis. Vegna þessa er ljóst að gagnsæ hlutafélög (ghf.) og aðrar ráðstafanir í sömu átt munu, með bættri viðskiptamenningu, eiga sinn þátt í að endurreisa traust og trúverðugleika til lengri tíma og flyta þar með endurreisin íslensks viðskiptalífs.

Að mati Viðskiptaráðs verður þó að hafa í huga að gagnsæi félagaformið verður, um sinn, takmarkað félagaform vegna skorts á sambærilegum formum erlendis. Vegna þessara takmarkana, sem eru m.a. ræddar í greinargerð frumvarpsins, getur verið ákjósanlegra fyrir fyrirtæki og hluthafa þeirra, bæði litla og stóra, að viðhalda félagaformi þeirra. Er það vegna þess að fjárfestingar í erlendum félögum verða nær ómögulegar, a.m.k. í náinni framtíð, í tilviki ghf. og sömuleiðis verður mun erfiðara fyrir ghf. að sækja sér fjármagn á verðbréfamörkuðum hérlandis og erlendis þar sem allir hluthafar í þeim þurfa að vera einstaklingar eða ghf. til að njóta arðs og eiga atkvæðisrétt. Það er því spurning hversu farsælt ghf. félagaformið mun verða hérlandis á meðan sambærileg félagaform tilkast ekki erlendis.

Vegna þessa lagði ráðið til, þegar þingsályktunartillaga um samningu frumvarps um gagnsæ hlutafélög var til umræðu, að við smíði þessa frumvarps yrði tekið mið af alþjóðlegri þróun á þessu svíði. Vísáði undirritaður þar m.a. til umsagnar Seðlabanka Íslands við eldri tillögu sama efnis þar sem fram kom að miklar breytingar munu eiga sér stað á regluverki fyrirtækja í Evrópu. Taldi undirritaður að súlik nálgun væri bæði til þess fallin að spara frumvarpshöfundum sporan og til að tryggja samræmi í innlendu regluverki og erlendu, með tilheyrandí réttaröryggi fyrir fyrirtækin, fjárfesta og hluthafa. Þá vakti undirritaður athygli nefndarinnar á því að hætt væri við að ghf. formið yrði vannýtt með tímanum ef Evrópusambandið myndi setja á laggirnar nýtt félagaform með svipað snið og ghf., þar sem það félagaform yrði innleitt hérlandis á grundvelli EES-samningsins líkt og Evrópufélögini. Undirritaður áréttar þessi sjónarmið nú.

Að lokum tekur Viðskiptaráð undir þær fyrirætlanir að færa öll ákvæði hlutafélagalaga, er varða opinber hlutafélög sbr. 1. – 9. gr., í sérstakan kafla í stað þess að þeim sé dreift á mismunandi kafla laganna.

Viðskiptaráð leggur til að beðið verði með lögfestingu reglna um gagnsæ hlutafélög þar til ljóst verður hvort og þá hvernig svipaðar aðgerðir verða útfærðar innan ESB.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögræðingur Viðskiptaráðs